



Kæri innleggjandi.

Kópaskeri 28.ágúst 2017

### **Fyrst þetta...**

Við stefnum að því að hefja sláturtíð 14.september og hefst slátrun eftir hefðbundinni áætlun frá þeim degi.

Sláturtölur og óskir varðandi slátrun þurfa að berast okkur fyrir föstudaginn 1.september.

Hægt er að fylla út sláturfjárloforð á netinu [www.fjallalamb.is](http://www.fjallalamb.is) og undir liðnum bændur og þar er smellt á sláturfjárloforð. Einnig er hægt að hringja í okkur 4652140 eða senda tölvupóst á [fjallalamb@fjallalamb.is](mailto:fjallalamb@fjallalamb.is).

Ef bændur eru með sérstakar óskir um slátrun eða fyrirkomulag slátrunar, þá endilega látið það fylgja sláturtölum.

Afar mikilvægt er að sláturfjártölur standist.

### **Afurðaverð haust 2017.**

Búið er að gefa út afurðaverð til bænda og hana er hægt að nálgast hér á síðunni undir afurðaverð. <http://fjallalamb.is/afurdaverd-til-baenda/>

Ég vil hvetja bændur til að fylgjast vel með heimasíðunni [www.fjallalamb.is](http://www.fjallalamb.is) Einnig er komin ný fésbókarsíða eingöngu fyrir innleggjendur Fjallalamb og mun ég nota hana mikið til að tilkynna um nýjar fréttir og tilkynningar.

### **Bændasögun og vinnsla.**

Ég vil biðja þá bændur sem enn eiga kjöt utan frystihólfa (þar með talið kjöt í eigin birgðum) að hreinsa það upp og koma því annaðhvort í frystihólf eða heim fyrir 8. september.

Það kjöt í eiginbirgðum sem ekki verður búið að gera grein fyrir fyrir 8. Sept. færast sjálfkrafa í fjallalambsbirgðir. Við þá færslu þá gjaldfærast 1100 kr.á hvern skrokk.

### **Heimtaka haustið 2017.**

Frekara fyrirkomulag heimtöku og nánari upplýsingar varðandi slátrun og sláturtíð mun fylgja með sláturfjáráætlun á heimasíðunni okkar og á fésbókarsíðunni.

Bestu kveðjur

Björn Víkingur Björnsson